

## PERSÓNUVERNDARSTEFNA ARCTICA FINANCE HF.

Þessi stefna nær til allra upplýsinga sem Arctica Finance hf. („Arctica“) safnar eða vinnur með og teljast persónugreinanlegar. Markmið hennar er að lágmarka söfnun og varðveislu persónugreinanlegra upplýsinga með hliðsjón af lögbundnum skuldbindingum.

1. Arctica rekur stjórnkerfi upplýsingaöryggis sem nýtt er til að auka öryggi gagna í vörslu félagsins.
2. Varðveislutími upplýsinga er skilgreindur og í samræmi við lög. Í enda varðveislutíma skal upplýsingum eytt.
3. Persónugreinanlegum upplýsingum hjá Arctica er haldið í lágmarki.
4. Aðgangi að upplýsingum er stýrt þannig að aðeins þeir sem á þurfa að halda fá aðgang.
5. **Réttur til aðgangs.** Brugðist er við öllum fyrirspurnum einstaklinga varðandi eigin upplýsingar. Engar upplýsingar eru gefnar án staðfestingar á réttmæti fyrirspyrjanda á upplýsingunum.
6. **Réttur til að gleymast.** Allar beiðnir um eyðingu gagna verða skoðaðar og brugðist við í samræmi við lög. Ekki er hægt að eyða gögnum sem skylt er að varðveita samkvæmt lögum eða sem tryggja Arctica lögvarin réttindi.
7. **Réttur til leiðréttingar.** Einstaklingar geta ávallt óskað eftir leiðréttingu á upplýsingum um þá og mun Arctica bregðast við slíkum óskum að því marki sem unnt er, þegar þær liggja fyrir.
8. **Réttur til takmörkunar á vinnslu.** Einstaklingur getur krafist þess að vinnsla upplýsinga verði takmörkuð ef ljóst þykir að persónugreinanlegar upplýsingar eru rangar, vinnslan ólöglegt, ekki er lengur þörf á upplýsingunum eða vinnslunni hefur verið andmælt.
9. **Réttur til að flytja eigin gögn.** Einstaklingar geta fengið afrit af gögnum samkvæmt beiðni. Einstaklingum er heimilt að flytja gögnin til þriðja aðila.
10. Arctica gerir vinnslusamninga við alla aðila sem hýsa eða vinna með persónugreinanlegar upplýsingar fyrir fyrirtækið.
11. Engar persónugreinanlegar upplýsingar verða afhentar, seldar eða leigðar þriðja aðila að öðru leiti en fram kemur í lið 14.
12. Upplýsingar eins og símanúmer eða netfang verða einungis notaðar til samskipta við viðskiptavini eða umsækjendur í tengslum við samning um þjónustu sem Arctica veitir.
13. Vegna tölfræðiúrvinnslu mun Arctica gera upplýsingar ópersónugreinanlegar þannig að ekki verði greint frá stöðu einstaka viðskiptavina.
14. Ef lög mæla svo fyrir mun Arctica afhenda persónugreinanlegar upplýsingar til viðeigandi aðila og þá aðeins þær upplýsingar sem nauðsynlegt er talið.
15. Arctica mun tilkynna Persónuvernd um brot gagnvart persónugreinanlegum upplýsingum og viðeigandi einstaklingum, ef brot hefur áhrif á réttindi og frelsi þeirra, innan 72 klukkustunda.

Nánari vitneskja um söfnun, vinnslu og meðhöndlun upplýsinga eru veittar á skrifstofu félagsins.